

# Mannréttindafræðsla í æskulýðsstarfi!

## Hefur þú áhuga á fræðslu um mannréttindi?

Vilt þú kynnast fjölbreyttum og skapandi leiðum fyrir ungt fólk sem nýtast jafnt innan skóla sem á vettvangi frjálsra félagasamtaka og æskulýðsstarfs?

Þá er Kompás bókin sem þú ættir að kynnast og eftirfarandi námskeið sniðið fyrir þig!



- **Hvar:** Félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg, Reykjavík.
- **Hvenær:** Frá föstudegi 8. janúar 16:00 til sunnudags 10. janúar 14:00.
- **Hver:** Annars vegar ungt fólk (18+) sem er virkt í æskulýðsstarfi og hefur áhuga á mannréttindum og hins vegar starfsfólk og sjálfbóðaliðar sem gegna ábyrgðarhlutverkum í æskulýðsstarfi.
- **Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á að hvetja og þjálfa aðra í að nota Kompás!**

*Kompás kom nýverið út á íslensku en bókin hefur reynst vel í mannréttindafræðslu í skóla-, félags og æskulýðsstarfi víða um Evrópu.*

## Dagskráin

### Föstudagur

16:00 Skráning

16:30 Dagskráin kynnt

16:45 Kompás á íslensku. Kynning, Aldís Yngvadóttir, ritstjóri íslensku útgáfunnar.

17:45 Kynning á starfi Mannréttindaskrifstofu Íslands, Guðrún D. Guðmundsdóttir.

18:30 Hlé

19:30 Aðferðafræði óformlegs náms, leikir og verkefni í Kompás (Kristine og Pétur) til 21:30

### Laugardagur

10:00 - 18:00 Verkefnavinna með hléum.

### Sunnudagur

10:00 „Hvað lærðum við“ - Helgin metin

11:30 Kompás á Íslandi - Tillögur þátttakenda

13:00 Hádegisverður og kvæðjustund.

## Leiðbeinendur (þjálfarar)

Aðalleiðbeinandi (þjálfari) á námskeiðinu verður **Kristine Hofseth Hovland**. Hún er með meistargráðu í alþjóðlegum mannréttindum og vinnur fyrir samkirkjuleg samtök í Noregi. Hlutverk hennar þar er að vinna með hnattræna menntun, þ.e. að opna augu fólks fyrir mannréttindabrotum sem eru framin víðsvegar á jörðinni og hvetja fólk til aðgerða sem miða að því að vernda réttindi. Hnattræn menntun gerir ungmennum kleift að meta áhrif eigin athafna og íhuga ábyrgð sína sem einstaklinga. Henni til aðstoðar verður Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju, Evrópufræðingur (MA) og þjálfari á vettvangi Evrópu Unga Fólksins.

*Kompás er ætlað að stuðla að því að mannréttindafræðsla verði liður í almennu æskulýðsstarfi.*

*Hér er á ferðinni efni sem auðvelt er að nota fyrir öll sem sinna mannréttindafræðslu meðal ungs fólks.*

*Þetta er bók sem hefur upp á fjölbreyttar aðferðir og verkefni að bjóða og tryggir þannig að mannréttindi verða ekki að kreddu sem er þröngvað upp á fólk.*

**Athugið: Námskeiðið kostar 5.000 krónur og fer aðallega fram á ensku! Kvöldmaturlaun á föstudegi og hádegisverður á laugardegi og sunnudegi er innifalinn. Nánari upplýsingar í síma 588 8899.**



Það er Æskulýðsvettvangurinn sem stendur fyrir þessu námskeiði að tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

**Skráning á námskeiðið er á vefslóðinni: [skraning.kfum.is](http://skraning.kfum.is)**

**Síðasti skráningardagur er 5. janúar. Athugið: Aðeins 25 pláss**



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTTIÐ